

# Lykilupplýsingar fjárfesta

Skjal þetta veitir fjárfestum lykilupplýsingar um fjárfestingarsjóðinn *ÍV Eignasafn IV*. Skjalið er ekki markaðsefni. Upplýsingum sem fram koma er ætlað að aðstoða fjárfesta að leggja mat á eðli og áhættu þess að fjárfesta í sjóðnum og gera fjárfestum betur kleift að bera hann saman við aðra fjárfestingarkosti. Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér efnið ítarlega svo að ákvörðun um fjárfestingu sé sem best upplýst hverju sinni.

## ÍV Eignasafn IV

– ÍV Eignasafn IV, kt. 611215-9670, er rekið af ÍV sjóðum hf., dótturfélagi Íslenskra verðbréfa hf. og er fjárfestingarsjóður skv. lögum 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

### Markmið og fjárfestingarstefna

#### Markmið

Markmið sjóðsins er að veita hlutdeildarskírteinishöfum ávöxtunartækifæri í gegnum safn eigna þar sem áhersla er á eignaflokka- og áhættudreifingu. Dreifing eigna fæst svo sem með fjárfestingu í gegnum aðra sjóði um sameiginlega fjárfestingu og/eða beina fjárfestingu í einstökum verðbréfum, með fjárfestingu í mismunandi eignaflokkum og fjárfestingu á mismunandi eignamörkuðum. Áhersla er lögð á seljanleika og gæði eigna í samhengi við áhættu. Sjóðurinn fjárfestir hvort sem er í innlendum og erlendum eignum og skal meirihluti fjárfestinga sjóðsins á hverjum tíma vera í erlendum eignum, að lágmarki 60%.

#### Fjárfestingarstefna

Sjóðurinn ávaxtar fjármuni hlutdeildarskírteinishafa með beinni eða óbeinni fjárfestingu í innlendum eða erlendum verðbréfum, hlutabréfum, skuldabréfum og peningamarkaðsbréfum.

Fjárfesting í tilteknum eignaflokki, svo sem hlutabréfum eða skuldabréfum getur verið hvort sem er með beinni fjárfestingu eða með fjárfestingu í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Horft er til íslenskra verðbréfa- og fjárfestingarsjóða eða sambærilegra íslenskra og erlendra sjóða og kauphallarsjóða sem fjárfesta í verðbréfum og eru í rekstri starfsleyfissskylds aðila. Sjóðurinn mun að miklu eða öllu leiti fjárfesta í öðrum sjóðum, innlendum og erlendum og er heimilt að festa það fé sem hann nýtir til fjárfestinga í öðrum sjóðum að hluta eða öllu leyti í sjóðum sem reknir eru af ÍV sjóðum hf. eins og lög heimila hverju sinni.

#### Ávöxtunarviðmið:

Sjóðurinn horfir til þess að ávöxtun til lengri tíma sé umfram innlánsvexti fjármálastofnana hjá Seðlabanka Íslands að viðbættum 3%.

#### Arður og ávöxtun

Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður, þ.e. arði og öðrum hagnaði af verðbréfaeign er bætt við höfuðstól sjóðsins.

#### Fjárfestingartímabil og markhópur

Sjóðurinn er ákjósanlegur kostur fyrir þá sem vilja ávaxta fjármuni til lengri tíma (lengur en eitt ár). Og hentar einstaklingum, fyrirtækjum og fagfjárfestum sem eru að

Skuldabréf – ábyrgð ríkis*	0-100%
Skuldabréf – önnur*	0-60%
-Bein fjárfesting - hámark á stakan skuldara	10%
Hlutabréf*	0-80%
-Innlend*	0-30%
-Erlend*	0-80%
-Bein fjárfesting – hámark á stakt félag	5%
Erlend fjárfesting að lágmarki*	60%

\* Fjárfesting í tilteknum eignaflokki, svo sem hlutabréfum eða skuldabréfum getur verið hvort sem er með beinni fjárfestingu eða með fjárfestingu í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu í rekstri starfsleyfissskylds aðila og/eða kauphallarsjóða. Sjóðir skulu lúta eftirliti opinberrar eftirlitsstofnunar sambærilegri Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands.

fjárfesta til langs tíma og leita eftir virkri dreifingu og hreyfingum á milli eignaflokka, eignamarkaða og markaðssvæða, áherslu á erlendar fjárfestingar og virkri stýringu.

#### Kaup og Innlausnir

Hlutdeildarskírteini í sjóðnum eru innlausnarskyld að kröfu eigenda. Kaup eða innlausn á hlutdeildarskírteinum er möguleg alla virka daga. Beiðni sem berst fyrir kl. 14:00 ber að afgreiða í síðasta lagi á öðrum virka degi eftir að beiðni berst (T+2).

# Lykilupplýsingar fjárfesta

## Áhætta og ávöxtun



- Áhættumælikvarðinn mælir áhættu vegna verðsveiflna á eignasafni sjóðsins. Mælingin byggir á sögulegum verðsveiflum þeirra eignaflokka sem sjóðurinn fjárfestir í skv. fjárfestingarstefnu.
- Lægsti áhættuflokkurinn þýðir ekki að fjárfesting sé áhættulaus.
- Áhættuflokkun sjóðsins er ekki tryggð og gæti breyst.
- Ávöxtun sjóðsins í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

Áhættumælikvarðinn nær ekki yfir alla áhættuþætti sem skipt geta máli. Aðrir helstu áhættuþættir samfara fjárfestingu í sjóðnum eru:

- Lausafjárahætta, þ.e. aðstæður sé með þeim hætti að erfitt sé að selja eignir á viðunandi verði.
- Útlánaáhætta, þ.e. að breytingar á vaxtastigi hafa áhrif á verð eigna.
- Mótaðilaáhætta, þ.e. ef útgefandi verðbréfa greiðir ekki á gjalddaga.
- Rekstraráhætta, þ.e. ef eignir misfarast eða tapast vegna vörslu eigna.

**Nánar er fjallað um áhættu sjóðsins, þ.m.t. fleiri áhættuþætti en hér eru taldir, í útboðslýsingu sjóðsins sem nálgast má á [www.ivsjodir.is](http://www.ivsjodir.is).**

## Gjöld fyrir þennan sjóð

Gjöldin sem greidd eru nýtast til þess að greiða kostnað við rekstur sjóðsins, þ.m.t. kostnað við markaðssetningu og dreifingu hans. Þessi gjöld skerða mögulega ávöxtun fjárfestingar þinnar.

### Eingreiðslugjöld innheimt fyrir eða eftir fjárfestingu:

Gjald við kaup:	0,5% (hámark 2%)
Gjald við sölu:	500kr.

Ofangreind gjöld eru hámarksgjöld sem gætu verið dregin af fé þínu áður en fjárfest er.

### Gjöld sem eru dregin af sjóðnum á ársgrundvelli:

Árleg umsýsluþóknun:	1,2%
Viðvarandi gjöld:	1,02% (2019)

### Gjöld dregin af sjóðnum við tiltekna aðstæður:


Árangurstengd þóknun: 15% af ávöxtun umfram ávöxtunarviðmið (innlánsvextir fjármálastofnana hjá seðlabanka Íslands + 5%)

**Gjöld vegna kaupa og sölu hlutdeildarskírteina** eru gjöld sem söluaðila er heimilt að innheimta skv. reglum sjóðsins. Í sumum tilfellum er mögulegt að gjaldið sé lægra en upplýsingar um slík má nálgast hjá söluaðila sjóðsins.

**Umsýsluþóknun** er greidd til rekstrarfélags sjóðsins fyrir að annast rekstur hans og stýringu eigna. Undanskilin eru viðskiptakostnaður tengdur eignasafni sjóðsins og vörslugjöld vegna fjármálagerninga í hans eigu.

**Frekari upplýsingar um gjöld er að finna í útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á [www.ivsjodir.is](http://www.ivsjodir.is).**

## Fyrri árangur



Ávöxtun í fortíð er ekki trygging fyrir ávöxtun í framtíð. Eignarhlutdeild í fjárfestingarsjóði getur aukist, rýrnað eða staðið í stað.

Við útreikning á ávöxtun er tekið tillit til gjalda og þóknana, annarra en kostnaðar vegna kaupa og sölu.

Árangur sjóðsins er reiknaður í íslenskum krónum.

Sjóðurinn var stofnaður árið 2016.

# Lykilupplýsingar fjárfesta

## Hagnýtar upplýsingar

Vörslufyrirtæki sjóðsins er Íslensk verðbréf hf. Útboðslýsing, gengi, ársreikningur og hálfársuppgjör sjóðsins eru aðgengileg hjá ÍV sjóðum, [www.ivsjodir.is](http://www.ivsjodir.is).

Hagnaður af innlausn hlutdeildarskírteina sjóðsins er skattskyldur á Íslandi og fer um skattskyldu hagnaðar samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt nr. 90/2003. Íslensk verðbréf hf., vörslufyrirtæki rekstrarfélags sjóðsins sér um að standa skil á fjármagnstekjuskatti samkvæmt 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Fjármagnstekjuskattur reiknast þegar hlutdeildarskírteini eru seld með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af hlutdeildarskírteinum.

Frekari skattlagning kann að eiga sér stað hjá fjárfestum, t.d. varðandi aðila búsetta í öðrum löndum en á Íslandi. Fjárfestar sem eru í óvissu með skattalega meðferð eignarhlutdeildar í sjóðnum eru hvattir til að leita sér faglegrar ráðgjafar óháðs ráðgjafa á sviði skattamála.

ÍV sjóðir hf. ber aðeins ábyrgð á grundvelli yfirlýsinga sem koma fram í skjali þessu og eru villandi, ónákvæmar eða í ósamræmi við viðkomandi hluta útboðslýsingar sjóðsins.